

## Um Delfinu Acosta<sup>1</sup>

**D**elfina Acosta fæddist í Asunción, höfuðborg Paragvæ, árið 1956. Hún er menntaður lyfjafræðingur en hafði áhuga á bókmenntum frá unga aldri. Strax á unglingsárum var hún farin að taka þátt í leshringjum um klassískar bókmenntir og var í kjölfarið hvött til að taka þátt í ritsmiðjum og gefa út smásögur sínar og ljóð. Um áratuga skeið hefur hún að auki skrifað vikulega pistla um bókmenntir og listir fyrir ABC, eitt víðlesnasta dagblaðið í Paragvæ.

Helst hefur Acosta vakið athygli fyrir ljóðagerð og eftir hana liggur álitlegt safn ljóðabóka. Meðal þeirra má nefna Ljóð á leiðinni (*Poesía itinerante*, 1984), Allar þessar raddir, kona (*Todas las voces, mujer*, 1986), Kross kólibrífuglsins (*La cruz del colibrí*, 1993), Ballöður fólksins (*Romancero de mi pueblo*, 2003) og Minn kæri (*Querido mío*, 2004). Síðasta ljóðabók hennar, Glæðlynda eldflugan (*La luciérnaga alegre*), kom út árið 2016 og hefur enn beint kastljósi bókmenntarýna að ljóðrænum stíl Acosta þar sem ástin og áttakamál einkalífsins eru til umfjöllunar.

Fyrir ljóðagerð sína hefur hún hlotið fjölmargar viðurkenningar. Meðal þeirra má nefna Edward og Lily Tuck verðlaunin fyrir ljóðasafnið Ljóð um ást og örvæntingu (*Versos de amor y de locura*, 2012) og PEN-verðlaunin í Paragvæ fyrir ljóðasafnið Grundvallarstef (*Versos esenciales*, 2001). Fyrir Ballöður fólksins hlotnuðust henni verðlaun tileinkuð García Lorca og Roque Gaona verðlaunin fyrir ljóðasafnið Minn kæri árið 2004.

---

1 Upplýsingar sóttar af [http://portalguarani.com/299\\_delfina\\_acosta.html](http://portalguarani.com/299_delfina_acosta.html) og af heimasíðu Cervantesstofnunarinnar í Madrid. Úr sérsafni sem tileiknað er bókmenntum eftir konur frá Paragvæ: [http://www.cervantesvirtual.com/obra-visor/narradoras-paraguayas-antologia--0/html/ff2ff49e-82b1-11df-acc7-002185ce6064\\_18.html#I\\_47\\_](http://www.cervantesvirtual.com/obra-visor/narradoras-paraguayas-antologia--0/html/ff2ff49e-82b1-11df-acc7-002185ce6064_18.html#I_47_). Sótt í apríl 2020.

Á seinni árum hefur Acosta snúið sér æ meira að smásagnarritun og eftir hana liggja nú þegar smásagnasöfnin Ferðalagið (*El viaje*, 1995), Handbók um kirkjugarð (*Guía del Cementerio*, 2009) og Klúbbur hinna angurværu (*El club de los melancólicos*, 2010). Fjöldi ljóða og smásagna eftir Delfinu Acosta hafa birst í yfirlits- og safnritum víða um heim, eins og t.d. í Suðuramerískum smásögum (*Cuentos latinoamericanos*, 2009), sem út kom hjá C.C. Buchner útgáfunni í Þýskalandi, og kennslubók í spænsku (*Prismas del mundo hispánico*) frá sama útgáfufyrirtæki árið 2011.

Sagan sem hér hefur verið valin til þýðingar er úr bókinni *El viaje* (1995) en er hér fengin úr safnríti um smásagnarritun kvenna frá Paragvæ sem út kom með styrk frá Þróunarsamvinnustofnun Svíþjóðar árið 2005. Sagan veitir innsýn í höfundarverk Delfinu Acosta.

## Amalía leitar unnusta<sup>1</sup>

Ég ætlast ekki til þess að hann elski mig með sama hætti og þegar ég var tvítug. En ég hef enn ekki gefið upp alla von um að kynnast ástríkum manni, þótt ég sé komin á sjötugsaldur. Manni sem hlustar á mig spila á píanóið og klappar innilega fyrir flutningi mínum á Mozart. Manni sem eftirsóknarvert væri að fara með í göngutúr um breiðstræti *álmviðanna*; deila með ferskri angan síðdegisins, sem nær hámarki um sexleytið, eða gera með áætlun um að eyða helginni á *La alameda* hótelinu.

Ég myndi velja mér baðföt í sinnepsgulum lit til að hvíla með honum í sandinum. Við myndum spjalla um hvað sem væri, hluti eins og lífið og dauðann, sannleika og lygar. Við myndum kaupa hálsfestar sem frumbyggjarnir búa til úr fræjum grænu ávaxtanna. Við myndum óttast að ungu sundmennirnir þekktu okkur, þrátt fyrir gleraugun og förðunina. Það er nefnilega ekki ómerkilegt að hafa skrifað rúmlega tuttugu ástarsögur, vera jafn fræg og Corín Tellado,<sup>2</sup> og vera með þrítugan ástmann upp á arminn. Aðdáendur falast stundum enn eftir eiginhandaráritunum.

Við myndum fá okkur sæti á einum af hinum fjölmörgu svölum hótelsins og njóta sólarlagsins. Óviðjafnanlegs sólseturs sem stenst þó ekki samanburð við sjónarspil hafsins í sjónaukanum. Öldur sem rísa, hníga og skella svo á klettunum. Hafið sem sýnir mátt sinn og megin og verður táknmynd hjartsláttarins sem aldrei stöðvast, hjartans sem rís og fellur, þar til það nær hæð svölunnar sem klýfur vindinn.

1 Sagan ber yfirskriftina „Amalia busca novio“ á frummálinu. Hér fengin úr safnritinu *Penélope sale de Itaca: antología de cuentistas paraguayas*. Ritstj. María del Carmen Pompa Quiróz. Universidad Nacional de Asunción: Asunción, Paragvæ, 2005.

2 Corín Tellado (1927–2009) var spænskur rithöfundur. Eftir hana liggja rúmlega 4000 ástarsögur sem selst hafa í yfir 400 milljónum eintaka á Spáni og í löndum Rómönsku-Ameríku. Erótískar skáldsögur sínar gaf hún út undir skáldanafninu Ada Miller.

Síðasti elskhugi minn, Felipe, elskaði nafn mitt meira en persónuleika. *Með hverjum varstu þegar þú skrifaðir Tuttugu kossar fyrir Isoldu?* spurði hann mig þessa rigningarnótt í maí þegar við borðuðum kavíar í vel útlátinni kvöldmáltíð fyrir tvo sem ég hafði pantað. Við höfðum kynnst á *Los búbos* hótelinu og lofað að elska hvort annað að eilífu. Það var hrollkalt. Tárivot sór ég eiðinn ástríðufull. Felipe hafði logið. Hann var niðurlútur og sakbitinn eins og viðkvæmt barn. Ég fann til samúðar með honum en meðaumkunin breyttist í logandi ástríðu um leið og hann þrýsti mér upp að veggnum og kyssti mig.

Hann kyssti svo vel.

Saman skrifuðum við ástarsögu sem innblásin var af hinni frægu keisaraynju Sissi.<sup>3</sup> *Burt með þetta, lagaðu hitt*, sagði hann í sífellu við mig í gegnum strembið ferlið við að koma þessari sögu saman. Ég veit ekki hvort hjálp hans var nokkurs virði. Sannleikurinn er sá að Felipe flutti í kjölfarið til Frakklands. Hann fékk vinnu við að skrifa bókmenntadálka fyrir vel þekkt síðdegisblað. Hann taldi sig hafa fundið köllun sína með mér. Ég hélt að hann hefði tekið handritið mitt með sér, en hann sýndi lágmarks háttvísi. Handritið var ósnert en ást hans hafði ég glatað.

Fyrirmyndina á ég ekki langt að sækja.

Constantína frænka mín, sem er rétt rúmlega áttræð, tilkynnti mér í síðasta bréfi sínu að hún væri ástfangin af sextán ára unglingi. Hún segist líta til með honum, greiða þykkt hár hans eftir hverja baðferð, útbúa fyrir hann sérstakt fæði sem samansett er úr kornmeti og ristudu brauði svo hann fái ekki bólur á vangann.

Frænka kann að vera komin til ára sinna en hún kann að daðra þrátt fyrir árin áttatíu og er enn fær um að valda hneykslan þegar hún stingur sér til sunds í tópaslituðum baðfötum. Það er sannarlega þess virði að fylgjast með henni. Hún er eins og höfrungur þegar höfuð hennar rís og hnígur í hafið. Samtímis kljúfa sterkir handleggir hennar öldurnar og fleyta henni óðfluga að marki sínu við sjóndeildarhring. Hún hefur alltaf verið svona kröftug.

Ég þrái að verða ástfangin. Ungi kraftlyftingamaðurinn, Ópello, sem býr á 14. hæð, virðir, eða virðist á stundum virða mig fyrir sér.

3 Vísað er til Isabel Amaliu Eugenia (1837–1898), keisaraynju af Austurríki.

Hvað sér hann við mig? Ef til vill þessa óþreyjufullu þrá til að elska, mikilfengleika blárra augna minna eða óbeislað hugrekkið sem manar mig til þess að fella tré án vélsagar. Ég hef enn svo margt að gefa.

Stundum dreymir mig að Óþelló sé falinn í einum af fjölmörgum skápum hússins. Draumurinn á rætur að rekja til áhuga míns á feluleikjum. Skyndilega birtist hann klæddur í nærfötin mín eða hangandi á herðatré. Óþelló er sérstaklega viðkunnanlegur. Einhvern veginn eins og guðsonur. Og nú finn ég fyrir heitum líkama hans við hlið mér í rúminu. *Amalía, þú ert svo fögur*, segir hann og greiðir úr fjólunum í síðu hári mínu. Og mig dreymir að við förum að breiðstræti *álmviðanna* og ryðjum okkur braut gegnum dúfnahafið sem hefur sig til flugs. Óþelló kyssir mig á munninn og hvíslar að mér fallegum orðum sem ég skil þó ekki til fulls. Þrátt fyrir það ná þau að bræða hjarta mitt.

Það er svo hughreystandi að láta sig dreyma.

Frá mínum bæjardyrum séð skiptir ekki máli þótt hann sé rétt í þessu að ganga fram hjá með Micaelu. Þótt hann brosi og setji blóm í hnappagatið á kjólnum hennar og bjóði henni jarðarberjaís og gorti sig af því. Ég er unnusta hans. Á því leikur enginn vafi.

*Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr spænsku*